

ur Gunnarsson byggingarmeistari. Dómsuppsögn hefur dregið um venju fram vegna veikinda dómsformanns og annars meðdóm- andans.

Dómsorð:

Stefndu, stjórn Tunnuverksmiðja ríkisins og framkvæmdar- stjóri f. h. verksmiðjanna, greiði stefnanda, Birni Magnússyni, kr. 144.000,00 auk 5% ársvaxta frá 27. febr. 1952 til greiðslu- dags og kr. 12.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lög- birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. júní 1954.

Kærumálið nr. 11/1954.

Kristján Gíslason og Gróa Sigurbjörnsdóttir

(Áki Jakobsson hdl.)

gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f.h. bæjarsjóðs

(Guðm. Vignir Jósefsson hdl.).

**Dómendur: hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason,
Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður
Eyjólfsson og prófessor Ólafur Lárusson.**

Héraðsdómar ómerktir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson, fulltrúi sakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hina kærðu úrskurði.

Með kæru, dags. 23. marz þ. á., sem hingað barst 29. s. m., hefur sóknaraðili Kristján Gíslason, Réttarholtsvegi 28, skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 18. marz 1954, þar sem úrskurðað er niðurrif á „húsi hans“ við Réttarholtsveg.

Þá hefur sóknaraðili Gróa Sigurbjörnsdóttir, Réttarholtsvegi 28, með kæru, dags. 26. marz 1954, sem hingað barst 29. s. m., skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 25. marz 1954, þar sem kveðið er á um niðurrif húss hennar við Réttarholtsveg.

Ráðamenn Reykjavíkurbæjar hugðust höfða mál þetta á hendur sóknaraðiljum til niðurrifs á húsi því, nr. 28 við Réttarholtsveg, sem þau búa í og er þinglesin eign sóknaraðilja Gróu. En byggingarfulltrúi Reykjavíkur hefur af misgáningi talið í kröfuskjali sínu, dags. 22. janúar 1954, húsið vera á lóðunum nr. 47 og 49 við Háagerði, og hið ranga einkenni hússins er notað í hinum kærðu úrskurðum. Mál þetta hefur fyrir sakadómi sætt meðferð samkvæmt réttarfarsákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 61/1944 og er kært til Hæstaréttar samkvæmt 6. gr. nefndra laga. En þessi meðferð var óheimil, þar sem málið er eitt þeirra mála, sem getur í 11. tl. 2. gr. laga nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála, og réttarfarsákvæði 6. og 7. gr. laga nr. 61/1944 eru því afnumin, sbr. og næstsíðustu mgr. 202. gr. laga nr. 27/1951. Átti málið þannig að sæta meðferð síðastnefndra laga. Af þessum ástæðum verður að ómerkja hina kærðu úrskurði og vísa málinu heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar lögum samkvæmt.

Eins og mál þetta liggur fyrir Hæstarétti, verður ekki dómur lagður á málskostnað.

Það athugast, að rannsókn málsins fyrir sakadómi var áfátt.

Dómsorð:

Hinir kærðu úrskurðir eiga að vera ómerkir, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Sératkvæði Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Ég tel, að Reykjavíkurbæ hafi verið rétt að leita úrskurðar sakadómara um niðurrif húss þess, sem í málinu greinir, samkvæmt 6. og 7. gr. laga nr. 61/1944, um byggingarmál-efni Reykjavíkur. Réttarfarsákvæði nefndra lagagreina verða ekki talin fara í bága við hin almennu ákvæði um svipað efni í 11. tölulið 2. gr. laga nr. 27/1951 og geta því haldizt við hlið þeirra sem sérákvæði. Ef hinum tiltölulega nýju ákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 61/1944 var ekki ætlað að gilda áfram

eftir setningu laga nr. 27/1951, hefði verið brýn ástæða til að fella þau úr gildi berum orðum ásamt öðrum lagafyrirmælum, sem talin eru í 202. gr. síðarnefndra laga. Samkvæmt þessu voru og úrskurðir sakadómara réttilega færðir til Hæstaréttar eftir 6. gr. laga nr. 61/1944.

Reykjavíkurbæ bar sem sóknaraðilja í héraði að gera skýrar og glöggar kröfur og láta þeim fylgja nauðsynleg gögn, en hvoru tveggja var mjög ábótavant. Þá skortir og mjög á, að rannsókn málsins af hálfu héraðsdómara hafi verið nógu ýtarleg. Vegna þessara galla tel ég rétt að ómerkja hina færðu úrskurði svo og meðferð málsins í héraði og vísa því frá héraðsdómi.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma varnaraðilja að greiða sóknaraðiljum samkvæmt kröfu þeirra málskostnað í héraði og kærumálskostnað, er ákveðst kr. 1.200,00 til hvors þeirra.

Dómsorð mitt verður þannig:

Hinir færðu úrskurðir og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Varnaraðili, Reykjavíkurbær, greiði sóknaraðiljum, Kristjáni Gíslasyni og Gróu Sigurbjörnsdóttur, málskostnað í héraði og kærumálskostnað, kr. 1.200,00 til hvors þeirra.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. marz 1954.

Með bréfi, dags. 22. janúar sl., færði byggingarfulltrúinn í Reykjavík til sakadómara, að baðhús, er setuliðið reisti á hernámsárunum, hefði verið innréttað til íbúðar án leyfis byggingarnefndar. Hús þetta stendur á lóðunum Háagerði 47 og 49 hér í bæ, við Réttarholtsveg. Þar eð hús þetta hindrar byggingarframkvæmdir á þessum lóðum, m. a. holræsagerð, krafðist byggingarfulltrúi þess, að húsið yrði úrskurðað til niðurrifs.

Eigandi húss þessa er Kristján verkamaður Gíslason. Á hann heima í húsinu.

Við rannsókn málsins upplýstist, að Kristján hafði keypt húsið árið 1946. Húsið, sem er hlaðið úr steinum, var þá komið að hruni. Kristján hófst þegar handa með lagfæringu á húsinu og fluttist í það haustið 1946 og hefur búið þar síðan. Ekki fékk hann leyfi byggingaryfirvalda til að innrétta húsið, enda ekki sótt um það. Kaupverð hússins var kr. 3.000,00. Stærð þess er á að gizka 100 fermetrar. Það er kjallaralaust, en með risi.

Kristján hefur innréttað aðeins eitt herbergi í risi. Á hæðinni eru 7 herbergi og eldhús.

Það er upplýst í málinu, að Kristján hefur ekki haft leyfi byggingaryfirvalda til að innrétta umrætt hús, en ekki má hefja neinar slíkar framkvæmdir, nema fyrir liggi byggingarleyfi, sbr. 4. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík, nr. 195 frá 1945, sbr. og 3. tl. 37. gr. samþykktarinnar.

Þegar af þessari ástæðu og þar sem engin þau atvik eru fyrir hendi, er leitt hefðu til betri réttar Kristjáns, ber samkvæmt 38. gr. byggingarsamþykktarinnar að taka framkomna kröfu til greina og ákveða, að hús Kristjáns Gíslasonar við Réttarholtsveg skuli rifið niður á kostnað hans.

Ályktarorð:

Hús Kristjáns Gíslasonar við Réttarholtsveg hér í bæ skal rifið niður á kostnað eiganda.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. marz 1954.

Með bréfi, dags. 22. janúar sl., kærði byggingarfulltrúinn í Reykjavík til sakadómar, að baðhús, er setuliðið reisti á hernámsárunum, hefði verið innréttað til íbúðar án leyfis byggingarnefndar. Hús þetta stendur á lóðunum Háagerði 47 og 49 hér í bæ, við Réttarholtsveg. Þar eð hús þetta hindrar byggingarframkvæmdir á þessum lóðum, m. a. holræsagerð, krafðist byggingarfulltrúi þess, að húsið yrði úrskurðað til niðurrifs. Skráður eigandi hússins er Gróa Sigurbjörnsdóttir, er býr þar með Kristjáni Gíslasyni verkamanni.

Við rannsókn málsins upplýstist, að Gróa hafði keypt húsið 1946. Húsið, sem er hlaðið úr steinum, var þá komið að hruni.

Hófst Kristján þegar handa með lagfæringu á húsinu og fluttist í það haustið 1946, og hafa þau Gróa búið þar síðan. Ekki var fengið leyfi byggingaryfirvalda til að innrétta húsið, enda ekki sótt um það. Kaupverð hússins var kr. 3.000,00. Stærð þess er á að gizka 100 fermetrar. Það er kjallaralaust, en með risi. Á hæðinni eru 7 herbergi og eldhús. Í risi hefur verið innréttað eitt herbergi. Það er upplýst í málinu, að Kristján og Gróa hafa ekki haft leyfi byggingaryfirvalda til að innrétta umrætt hús, en ekki má hefja neinar slíkar framkvæmdir, nema fyrir liggi byggingarleyfi, sbr. 4. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík, nr. 195 frá 1945, sbr. og 3. tl. 37. gr. samþykktarinnar.

Þegar af þessari ástæðu og þar sem engin þau atvik eru fyrir hendi, er leitt hefðu til betri réttar eiganda hússins, ber samkvæmt 38. gr. byggingarsamþykktarinnar að taka framkomna kröfu til greina og ákveða, að hús Gróu Sigurbjörnsdóttur við Réttarholtsveg skuli rifið niður á kostnað eiganda.

Ályktarorð:

Hús Gróu Sigurbjörnsdóttur við Réttarholtsveg hér í bæ skal rífið niður á kostnað eiganda.

Miðvikudaginn 9. júní 1954.

Nr. 114/1953. **Byggingarsamvinnufélag Verzlunarmanna-
félags Reykjavíkur** (Jónas Thoroddsen hdl.)
gegn

Lárusi Hermannssyni

(Jóhannes Elíasson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Byggingarsamvinnufélög. Réttur félagsmanna til íbúðar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1953. Krefst hann þess, að dæmt verði, að stefndi hafi glatað rétti til kjallaraíbúðarinnar að Melhaga 18 í Reykjavík og áfrýjanda sé heimilt að taka nefnda íbúð til ráðstöfunar eftir þeim reglum, er lög og samþykktir áfrýjanda áskilja. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti samkvæmt mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.